



# Starfsemi félagsmiðstöðvar í Langanesbyggð

Á síðasta fundi velferðar og fræðslunefndar var lögð fram samantekt um faglegt starf félagsmiðstöðvum og rökstuðningur fyrir gildi þess í Langanesbyggð. Erindinu var vel tekið og sveitastjóra í samvinnu við íþrótt og tómstundafulltrúa falið að fylgja þessu máli eftir og koma með tillögur. Tillögurnar eru ekki meitlaðar í stein en æskilegt væri fyrir framgang málsins að velferðar og fræðslunefnd marki stefnu í þessum efnunum og vonandi geta þessar tillögur nýst í þágu þess.

## Skipun forstöðumanns félagsmiðstöðvar

Flestar félagsmiðstöðvar á landinu sem vinna að faglegu frístundastarfi skipa sér forstöðumann sem hefur það hlutverk að halda utan um starf félagsmiðstöðvarinnar. Hann er jafnframt ábyrgðaraðili starfsins og tengiliður þess við sveitafélag og sem og aðrar félagsmiðstöðvar í landinu. Hann leiðir vinnu við dagskrárgerð í samvinnu við starfsfólk og hefur umsjón með umbótum- og framtíðarþróun starfsins með það að leiðarljósi að breikka samráðsgrundvöll um málefni félagsmiðstöðvarinnar.

## Starfsfólk félagsmiðstöðva

Hlutverk þess starfsfólks sem starfar á opnunartíma félagsmiðstöðvar verður að vera vel skilgreint og það verður að njóta stuðnings í sínum störfum. Starf félagsmiðstöðva fer yfirleitt fram seinni part dags og er unnið í aukavinnu við önnur störf og skýr verkaskipting í starfsemi félagsmiðstöðvarinnar leiðir til meiri ánægju í starfi. Eðlilegt væri að starfsfólk kæmi að dagskrárgerð, gæslu á viðburðum og minniháttar undirbúningi eða frágangi en að öðru leiti færi best að áhersla starfs þeirra væri að halda uppi dagskrá, tryggja öryggi ungmennanna og virkja þau til þátttöku á jafningjagrundvelli. Leitast ætti við að ráða ungt fullorðið fólk sem man hvernig er að vera unglingur og getur verið notendum félagsmiðstöðvarinnar stuðningur og fyrirmynd inn í fullorðinsárin. Það að starfsfólk félagsmiðstöðva njóti sín í starfi er lykilatriði í því að ungmennin geri það líka.

## Aukið samráð ungmenna, foreldra og stjórnarsýslu

Við þróun og umbætur á starfi sem þessu er alltaf til hagsbóta að sem flestir hlutaðeigandi leggi sitt til málanna. Því er lagt til að komið verði á fót einhversskonar samráðsvettvangi stjórnarsýslu, ungmenna, starfsfólks og foreldra sem fundi einstaka sinnum og sé ráðgefandi í stefnumótandi vinnu félagsmiðstöðvarinnar í átt að faglegu frístundastarfi.

## Aðbúnaður og starfsumhverfi

Að leiða starf í félagsmiðstöð getur verið afar skemmtilegt og gefandi vinna en getur jafnframt verið slítandi fyrir starf fólk ef starfsemi býr við lítinn húsa- og tækjakost. Félagsmiðstöðvar verða að hafa rými fyrir óformlegt nám þar sem notendur geta blandað geði við jafnaldrá í frjálsri dagskrá inn á milli þess að vinna eftir viðburðadagskrá. Ef dagskráin er of stíf í vinnu og viðburðum þá er hætt við að ungmenni mæti síður og þreytist á starfinu til lengdar. Horfa ætti eftir hentugra rými fyrir starfsemi félagsmiðstöðvar í Langanesbyggð sem býður upp á uppbyggingu til framtíðar.

## Markmið og ávinningur

Með þessu næðist vonandi fram markvissari framþróun félagsmiðstöðvarinnar hvað stefnur/viðbragðsáætlanir, fjármagn, aðbúnað, öryggi og almenna starfsemi varðar. Breytingarnar ættu að skila bættum tengslum við aðrar félagsmiðstöðvar í landinu og betri tengingu við stjórnsýslu í heimabyggð þar sem rödd ungmenna fengi að heyrast.

*Sigurbjörn V. Friðgeirsson  
Íþróttá- og tómstundafulltrúi  
Haust 2021*